

M-5/2016. Álit 14. júlí 2017.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 14. júlí 2017 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-5/2016.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 14. janúar 2016 bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notaðri bifreið af Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi segir bifreiðina gallaða og krefst aðallega riftunar á kaupunum en til vara að seljandi bæti úr gallanum á eigin kostnað.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 22. janúar 2016, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust nefndinni 5. febrúar 2016. Hinn 15. febrúar 2016 voru álitsbeiðanda send andsvörin til upplýsinga og honum bent á heimild hans til að hafa uppi athugasemdir vegna andvaranna. Hann nýtti sér þá heimild og skilaði athugasemdum sínum þann 3. mars 2016. Seljandi fékk athugasemdir álitsbeiðanda sendar til upplýsinga þann 21. mars 2016 og var einnig gefinn kostur á að koma sínum athugasemdum á framfæri við nefndina ef einhverjar væru. Seljandi nýtti sér þá heimild og bárust athugasemdir hans 1. apríl 2016. Álitsbeiðandi fékk athugasemdir seljanda sendar þann 13. apríl og var honum bent á heimild hans til að hafa uppi enn frekari athugasemdir. Frekari athugasemdir bárust nefndinni ekki. Með bréfi, dags. 3. júlí 2017, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi keypti bifreiðina XX-000, af gerðinni Ford F350 CREW 4x4 Harley Davidson, árgerð 2007, á 3.900.000 krónur af seljanda þann 3. nóvember 2015 samkvæmt meðfylgjandi kaupsamningi og afsali. Við kaupin sagði seljandi að bifreiðin væri nýlega yfirfarin af viðurkenndu verkstæði og framvísaði reikningi frá bifvéla verkstæðinu Z, dags. 30. september 2015. Þar mátti sjá yfirlit yfir margvíslega vinnu við bifreiðina og varahluti sem settir voru í bifreiðina stuttu áður en hún fór á sölu.

Í álitsbeiðni kemur fram að fljótlega eftir að álitsbeiðandi hafði keyrt bifreiðina til Reykjavíkur frá Selfossi, þar sem hún var keypt, hafi hann tekið eftir því að hún brenndi óeðlilega mikilli smurolúu. Við nánari skoðun hafi komið í ljós að bifreiðin reykti mjög mikið.

Álitsbeiðandi hafði samband við bílasöluna sem annaðist milligöngu um kaupin og fyrir hennar tilstilli var bifreiðin aftur tekin inn á verkstæði Z á Selfossi. Verkstæðið taldi að aðeins hefði verið um einn lausan vír eða tengingu að ræða. Álitsbeiðandi lagði trúnað á þetta og fór aftur til Reykjavíkur á bifreiðinni en segir að þá hafi hún aftur farið að reykja jafn mikið og eyða olíu. Í framhaldi fór álitsbeiðandi með bifreiðina á verkstæðið A í Mosfellsbæ þar sem í ljós kom að vélin blási mikið niður með stimplum út í loftinntak vélarinnar og olía komi með. Þá reyndist vera mikil olía á millikælinum, en engin olía á að vera þar. Niðurstaða bifvéla virkjans var sú að vélin væri mjög óþétt með stimplum.

Álitsbeiðandi telur að bifreiðin sé haldin stórfelldum leyndum galla og áætlað að það kosti ekki undir 2.000.000 krónum að gera við mótörinn, sem samsvarar rúmlega helmingi

kaupverðsins. Sendi hann því tilkynningu um riftun til seljanda sem var birt honum þann 10. desember 2015, en seljandi hafnaði riftun með bréfi dags. 17. desember 2015.

Kröfur álitsbeiðanda byggja á því að um sé að ræða galla í skilningi 17. - 19. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup, einkum 19. gr. laganna. Ástand bifreiðarinnar svari alls ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hafi gefið upp við söluna, sbr. a-liður ákvæðisins og seljandi þekkti eða hlaut að þekkja ástand hennar sbr. b-liður 19. gr. Álitsbeiðandi telur að sérstaklega verði að hafa í huga að seljandi hafi upplýst að nýlegar viðgerðir hafi átt sér stað skömmu fyrir kaupin. Ljóst sé að ástand bifreiðarinnar sé mun verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð hennar og atvik að öðru leyti, sbr. c-lið 18. gr. laganna. Krefst álitsbeiðandi riftunar en til vara að seljanda verði gert að standa straum af viðgerðarkostnaði.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda tekur hann fram að hann sé ekki sérfróður á sviði bifreiða eða annarra mótorknúinna ökutækja. Hann hafi talið sig vera að selja bifreið í góðu ástandi miðað við aldur hennar og akstur, enda hafi hún þjónað tilgangi sínum vel í hans eigu. Seljandi hafi ekki orðið var við að bifreiðin brenndi óeðlilega mikilli smurolíu eða að hún reykti meira en sambærilegar bifreiðar. Hann hafi greitt rúmar 400.000 krónur í viðhald á bifreiðinni rétt um mánuði áður en umrædd viðskipti áttu sér stað, þar sem til stóð að selja hana, enda hafi hann viljað hafa hana í eins góðu ásigkomulagi við sölu og hægt er miðað við bifreið sem ekin hefur verið 175.000 km.

Seljandi tekur fram að í kaupsamningi og afsali um bifreiðina segi: „*Ökutækið selst í því ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum.*“ Jafnframt segi neðar í sama skjali: „*Kaupandi staðfestir að bifreiðasali hefur vakið athygli hans á þeim rétti sínum að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. Einnig er bent á skoðunarskyldu kaupanda.*“ Í því samhengi megi benda á 2. mgr. 20. gr. lausafjárkaupalaga nr. 50/2000 sem segi: „*Hafi kaupandi rannsakað söluhlut áður en kaupin voru gerð eða hafi hann án gildrar ástæðu látið undir höfuð leggjast að sinna hvatningu seljanda um slíka rannsókn getur kaupandi ekki borið fyrir sig neitt það sem hann hefði þá átt að veita athygli. Þetta gildir þó ekki ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans að öðru leyti verið andstætt heiðarleika og góðri trú.*“

Í 1. mgr. ákvæðisins kemur fram að kaupandi geti ekki borið það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita þegar kaupin voru gerð. Seljandi tekur fram að álitsbeiðandi sé félag sem hafi þann aðaltilgang að aka vörubifreiðum og teljist því sérfróður aðili um stór ökutæki og vörubifreiðar. Hafi hann átt að veita því athygli ef eitthvað óeðlilegt hafi verið við bifreiðina. Það sé því ljóst að hafi hinn meinti galli verið til staðar við afhendingu geti álitsbeiðandi ekki borið hann fyrir sig þar sem hann hafi ekki sinnt lögbundinni aðgæsluskyldu sinni samkvæmt 2. mgr. 20. gr. lausafjárkaupalaga. Telji álitsbeiðandi að hinir meintu gallar á bifreiðinni hafi verið til staðar við afhendingu hefði það legið honum næst að senda bifreiðina í ástandsskoðun, líkt og athygli hans var vakin á í kaupsamningi.

Þá tekur seljandi fram að bifreiðin hafi verið ekin 175.000 km. þegar álitsbeiðandi keypti hana fyrir 3.900.000 krónur. Öllum sé kunnugt að vélar bifreiða slitni með notkun og hafi álitsbeiðandi mátt vera við því búinn að komið gæti að einhverju viðhaldi á bifreiðinni. Verð bifreiðarinnar hafi gefið það til kynna þar sem verð á sambærilegum bifreiðum sé um 5.450.000 krónur og enn hærra á minna eignum bifreiðum í sama flokki. Söluverðið hafi því tekið m.a. tillit til mikils aksturs.

Seljandi tekur fram að álitsbeiðandi geti ekki haldið því fram að bifreiðin hafi verið í mun verra ástandi en hann mátti ætla miðað við verð hennar. Þá telur seljandi að hann beri enga ábyrgð á meintum göllum í bifreiðinni, enda hafi engin fullnægjandi sönnun komið fram

Þess efnis að um galla sé að ræða. Hafnar seljandi því bæði kröfu um greiðslu viðgerðarkostnaðar og riftun á kaupunum.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvörum seljanda hafnar hann sjónarmiðum seljanda sem röngum og óviðeigandi í málinu. Álitsbeiðandi sé ekki sérfróður um bílvélar eða viðgerðir á þeim. Hann vinni við akstur vörubifreiða en feli viðurkenndum verkstæðum að gera við ef þess gerist þörf. Þá hafi kaupin farið fram á milli kl. 17 og 18 og því ekki kostur á að fara með bílinn í ástandsskoðun. Gallinn í vélinni komi ekki fram við sjónskoðun fyrr en hún sé orðin vel heit eftir nokkurn akstur og því sé óvíst hvort skoðunarmenn hefðu áttað sig á þessu ástandi við skoðun ef hún hefði farið fram.

Álitsbeiðanda verði ekki gefið að sök að hafa vanrækt skoðunarskyldu sína, enda hafi hann treyst á að bifreiðin væri ný yfirfarin fyrir háar fjárhæðir. Þá hafi söluverð bifreiðarinnar ekki verið óeðlilega lágt og auglýsing um ásett verð sambærilegrar bifreiðar segi ekkert til um endanlegt verð hennar.

VI

Frekari athugasemdir seljanda

Í frekari athugasemdum seljanda tekur hann fram að það afsaki ekki aðgerðarleysi álitsbeiðanda við vanrækslu á skoðunarskyldu að kaup á bifreiðinni hafi átt sér stað á milli kl. 17 og 18, er skoðunarstöðvar voru lokaðar. Einungis 45 mínútna akstur sé milli Selfoss og Reykjavíkur og álitsbeiðanda hefði verið í lófa lagið að biðja um að bifreiðin færi í ástandsskoðun daginn eftir og koma aftur til að ganga frá kaupunum. Hann verði sjálfur að bera ábyrgð á að hafa ekki gert það. Bendir seljandi í því samhengi á álit nefndarinnar nr. 100/2015 frá 8. júlí 2015 þar sem mælt er fyrir um ríka skoðunarskyldu kaupanda samkvæmt 2. mgr. 20. gr. lausafjárkaupalaga. Þetta ákvæði gildi nema seljandi hafi sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans sé að öðru leyti andstætt heiðarleika og góðri trú.

Seljandi tekur fram að hann hafi ekki sýnt af sér saknæma háttsemi eða viðhaft óheiðarlegt framferði heldur hafi hann þvert á móti upplýst seljanda um allt það sem hann vissi að hrjá væri bifreiðina. Seljandi hafi verið í góðri trú um að hann væri að selja bifreið sem væri í eðlilegu ásigkomulagi, miðað við aldur, enda hafði hann ekki sjálfur orðið var við óeðlilegan reyk úr bifreiðinni. Þá séu getgátur álitsbeiðanda um að óvíst sé að skoðunarmenn yrðu varir við neitt óeðlilegt við bifreiðina við skoðun algerlega órökstuddar og eingöngu settar fram til að afsaka aðgæsluleysi álitsbeiðanda um að sinna aðgæsluskyldu sinni. Loks vísar seljandi fullyrðingu álitsbeiðanda á bug um að ásett verð sambærilegra bifreiða segi ekkert um söluverð þeirra, þar sem í flestum tilfellum seljist bifreiðar á verði sem er nálægt ásetta verðinu. Við sölu á umræddri bifreið hafi hún verið auglýst til sölu á 4.450.000 krónur en fallist hafi verið á sölu bifreiðarinnar í því ástandi sem hún væri í á 3.900.000 krónur. Seljandi hafi því veitt álitsbeiðanda 550.000 króna afslátt.

VII

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Líkt og framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina XX-000 þann 3. nóvember 2015 fyrir kr. 3.990.000 krónur. Bifreiðin er árgerð 2007 og var því 8 ára á kaupdegi og við kaupin hafði hún verið ekin 175.000 km. Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni, dags. 3. nóvember

2015, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. [...] Kaupandi er hvattur til að kynna sér verð á sambærilegum ökutækjum fyrir undirritun kaupsamnings!“

Kærunefndin álitur að um kaupin gildi 19.-20. gr. laga um lausafjárkaup nr. 50/2000 (hér eftir lkpl.), en þar segir m.a. eftirfarandi:

19. gr. *Hlutur seldur „í því ástandi sem hann er“. Sala á uppboði.*

Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. hluturinn svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur gefið um hann, eiginleika hans eða not og ætla má að þessi atriði hafi haft áhrif á það að kaup gerðust;
- b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skipta varðandi hlutinn eða not hans og seljandi hlaut að þekkja til og kaupandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin eða
- c. ástand söluhlutar er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

20. gr. *Vond trú kaupanda, rannsókn fyrir kaup o.fl.*

Kaupandi getur ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Hafi kaupandi rannsakað söluhlut áður en kaupin voru gerð eða hafi hann án gildrar ástæðu látið undir höfuð leggjast að sinna hvatningu seljanda um slíka rannsókn getur kaupandi ekki borið fyrir sig neitt það sem hann hefði þá átt að veita athygli. Þetta gildir þó ekki ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans að öðru leyti verið andstætt heiðarleika og góðri trú.

Í framangreindum ákvæðum er annars vegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og hins vegar skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í c-lið 1. mgr. 19. gr. er kveðið á um að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Álitsbeiðandi telur galla vera á bifreiðinni en hann segir að fljótlega eftir kaupin hafi hann tekið eftir því að bifreiðin brenndi mikilli smurolíu og reykti mikið. Á verkstæði Z var talið að um einn lausan vír eða tengingu hafi verið að ræða sem hafi verið lagfært. Þar sem umrædd einkenni hafi enn verið til staðar eftir viðgerð Z að sögn álitsbeiðanda fór hann með bifreiðina á verkstæðið A. Starfsmaður verkstæðisins sagði í tölvupóstsamskiptum við álitsbeiðanda, sem voru meðfylgjandi álitsbeiðni, að við skoðun hans hafi hann komist að því að vél bifreiðarinnar blási mikið niður með stimplum út í loftinntak vélarinnar og olía komi með auk þess sem olía sé á millikæli.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ekkert bendi til þess að bifreiðin hafi ekki svarað til þeirra upplýsinga sem seljandi hafði gefið um hana, sbr. a-lið 1. mgr. 19. gr. lkpl. Á reikningi verkstæðisins Z komu ekki fram upplýsingar varðandi þau atriði sem álitsbeiðandi telur áfátt á bifreiðinni og annað bendir ekki til þess að seljandi hafi gefið upplýsingar um framangreind atriði við sölu. Verður því ekki litið svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli. Telur nefndin jafnframt vandséð að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skiptu um bifreiðina og honum voru ljós, sbr. b-lið 1. mgr. 19. gr. lkpl. Í því sambandi ber að líta til þess að alls óvíst er að seljandi hafi haft vitneskju um umrædda galla þegar kaupin fóru fram, enda hafði bifreiðin verið skoðuð af verkstæðinu Z skömmu fyrir sölu. Verulegur munur er á niðurstöðum verkstæðanna tveggja, Z og A, þrátt fyrir að skammur tími hafi verið milli skoðana. Hins vegar liggur ekki fyrir að seljandi hafi verið kunnugt um þau atriði sem álitsbeiðandi byggir á að hafi verið galli á bifreiðinni við sölu, enda komu slíkir gallar ekki fram í skoðun verkstæðisins Z, sem hann mátti treysta á að veitti sér réttar upplýsingar. Verður því vart álitid sem svo að vanræksla hafi

átt sér stað af hálfu seljanda í þessu tilliti og ekki um galla að ræða í skilningi b-liðar 1. mgr. 19. gr. lkpl.

Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið til muna verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. c-lið 1. mgr. 19. gr. lkpl. Álitsbeiðandi telur að galli hafi verið á bifreiðinni á þeim tíma er hann festi kaup á henni en þeir hafi komið í ljós stuttu eftir að hann hóf að nota hana. Í ljósi þess að umræddir gallar komu allir fram við skoðun hjá A þann 3. desember 2015, aðeins einum mánuði eftir kaupin, telur kærunefndin að álykta megi svo að umræddir gallar hafi verið til staðar á kaupdegi. Þau sjónarmið seljanda að verð bifreiðarinnar hafi verið lægra en á sambærilegum bifreiðum hafa ekki áhrif á afstöðu nefndarinnar, en það að tiltekin bifreið af sömu tegund hafi verið auglýst á hærra verði en bifreiðin sem ágreiningur er um, er ekki haldbær sönnun þess efnis. Verð á notuðum bifreiðum á þessum aldri getur verið mjög mismunandi og farið m.a. eftir því hvernig bifreiðin lítur út og hvernig virðist hafa verið farið með hana. Þá var ásett verð umþrættrar bifreiðar aðeins um 100.000 krónum lægra en það verð sem seljandi bendir á. Er það mat kærunefndarinnar af öllu ofangreindu að bifreiðin hafi verið haldin galla í skilningi c-liðar 1. mgr. 19. gr. lkpl.

Kærunefndin álitur hins vegar að álitsbeiðandi hafi ekki uppfyllt skoðunarskyldu sína að fullu við kaupin, sbr. 20. gr. lkpl. Það að söluskoðun hafi ekki verið möguleg á milli klukkan 17 og 18 hefur ekki áhrif enda hefði álitsbeiðandi hæglega getað farið með bifreiðina í skoðun næsta dag í stað þess að festa kaup á bifreiðinni án tafar. Þegar um eldri bifreiðir er að ræða getur kaupandi ekki gert ráð fyrir að þær séu í fullkomnu standi enda er iðulega kominn tími á viðgerðir eða viðhald sem nauðsynlegt og eðlilegt er eftir margra ára notkun. Það að umþrætt bifreið hafi verið átta ára gömul á söludegi og ekin 175.000 km. gaf álitsbeiðanda því enn ríkari ástæðu til að skoða hana vandlega.

Álitsbeiðandi hefur farið fram á riftun á kaupunum en til vara greiðslu á viðgerðarkostnaði. Í 1. mgr. 39. gr. lkpl. kemur fram að kaupandi geti rift kaupunum ef meta má galla til verulegra vanefnda. Við ákvörðun þess hvort að um verulegan galla sé að ræða verður að fara fram ákveðið heildarmat þar sem m.a. verður að líta til atvika máls og hvort unnt sé að bæta úr gallanum eða ekki. Þegar litið er til þess að seljanda hafi ekki verið kunnugt um galla á bifreiðinni, að álitsbeiðandi hafi ekki uppfyllt skoðunarskyldu sína að fullu svo og að unnt er að gera við bifreiðina, álitur kærunefndin svo að ekki sé unnt að rifta kaupunum. Samkvæmt 1. mgr. 34. gr. lkpl. getur kaupandi krafist þess að seljandi bæti úr galla á eigin reikning við tilteknar aðstæður. Í ljósi atvika málsins er ekki unnt að fallast á að seljandi bæti viðgerðarkostnað á bifreiðinni að fullu en hins vegar álitur kærunefndin að honum beri hæfilega að greiða helming viðgerðarkostnaðar. Í málinu hafa ekki verið lögð fram gögn sem staðfesta áætlaðan viðgerðarkostnað og ber seljanda því aðeins að greiða helming viðgerðarkostnaðar samkvæmt framlögðum reikningi.

VIII Álitsorð

Seljanda, Y, ber að greiða álitsbeiðanda, X, helming kostnaðar vegna viðgerðar á bifreiðinni XX-000 samkvæmt framlögðum reikningi.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson